



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 8. desember 2006

Ákvörðun nr. 45/2006

Kaup Íslandspóstis hf. á Samskiptum ehf. og Samskiptum-merkingum ehf.

1.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Íslandspóstis hf. á öllu hlutafé í Samskiptum ehf. og Samskiptum-merkingu ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna¹. Samrunaskránni fylgdi kaupsamningur, dags. 27. október 2006, auk ýmissa annarra gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Íslandspóstis á öllu hlutafé í Samskiptum og Samskiptum-merkingu feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Íslandspóstur er hlutafélag að fullu í eigu ríkisins. Starfsemi Íslandspóstis felst aðallega í því að veita almenna og sérhæfða bréfa-, pakka- og sendingarþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Markaður og þjónustusvæði er fyrst og fremst á Íslandi en félagið dreifir einnig sendingum til og frá öðrum löndum í gegnum víðtækt dreifinet póst- og flutningsfyrirtækja um heim allan. Fyrirtækið er með starfsemi um allt land.

Starfsemi Samskipta og Samskipta-merkingar felst aðallega í að veita heildarþjónustu á sviði prentunar og við þátttakendur vörusýninga. Starfsemin felst einkum í þjónustu á sviði merkinga, plasthúðunar, prentunar ýmiss konar auk lausna á sviði sýningarkerfa. Samkvæmt samþykktum félaganna er tilgangur þeirra skilgreindur sem rekstur ljósritunar- og plasthúðunarþjónustu og rekstur skyldrar starfsemi.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



3.

Í samrunaskránni kemur fram að þann 27. október sl. hafi Íslandspóstur og Eiríkur Alfred Víkingsson gert samning um kaup Íslandspósts á öllum hlutum Eiríks í félögunum Samskiptum og Samskiptum-merkingu, en bæði félögin hafi verið í eigu hans. Markmið samrunans sé að leitast við að svara kröfum markaðarins um aukna þjónustu á sviði samskiptalausna, en viðskiptavinir Íslandspósts, bæði einstaklingar og fyrirtæki, geri sífellt auknar kröfur um fjölbreyttari þjónustu, sem félagið leggi metnað sinn í að koma til móts við. Samkvæmt kaupsamningnum kaupir Íslandspóstur alla hluti Eiríks A. Víkingssonar í Samskiptum og Samskiptum-merkingu, og öðlast þar með 100% eignarhluta í félögunum. Fyrirtækin verða fyrst um sinn rekin sem dótturfélög Íslandspósts. Engin starfsemi hafi þó verið rekin undir nafni Samskipta-merkingar og líklegt að félaginu verði slitið.

Að mati samrunaaðila tekur samruninn einkum til þjónustu á sviði merkinga, plasthúðunar, prentunar ýmiss konar auk lausna á sviði sýningarkerfa. Samruninn nái ekki til hefðbundinnar starfsemi Íslandspósts.

Velta Íslandspósts á síðast reikningsári var um fimm milljarðar króna. Velta Samskipta var þús. kr. []². Engin velta var hjá Samskiptum-merkingu á síðasta reikningsári.

Hvorki Íslandspóstur né Samskipti eða Samskipti-merking eru aðilar að samstarfsverkefni eða eiga í neinu samstarfi við fyrirtæki á sama eða tengdum markaði.

Eins og áður segir er viðkomandi vörumarkaður að mati samrunaaðila markaður fyrir þjónustu á sviði merkinga, plasthúðunar, prentunar ýmiss konar auk lausna á sviði sýningarkefa. Misjafnt sé hvort aðilar veiti alla þessa þjónustu, eða aðeins afmarkaða huta hennar. Líta megi á þetta sem einn markað sem skiptist síðan í samkeppnislega undirmarkaði. Samrunaaðilar telja landfræðilega markaðinn vera Ísland eða eftir atvikum höfuðborgarsvæðið. Samrunaaðilar stunda ekki viðskipti á sama vörumarkaði.

Umtalsverður fjöldi fyrirtækja veiti þjónustu á sömu mörkuðum og Samskipti. Misjafnt sé hvort að þessi fyrirtæki veiti alla þessa þjónustu eða einstaka þætti hennar. Samskipti telja, meðal annars í ljósi fjölda aðila á markaðnum og auðveldan aðgang að honum, útilokað að þau geti talist með markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga. Sé í raun dregið í efa að nokkur aðili geti í dag talist hafa markaðsráðandi stöðu á umræddum mörkuðum. Samkeppni á markaðnum sé hörð. Árangur á markaði ráðist eingöngu af gæðum veittrar þjónustu og verði. Nýir aðilar geti með auðveldu móti komist inn á markaðinn, svo fremur sem þeir veita góða þjónustu fyrir sanngjarnt endurgjald. Kostnaður

² Fellt út vegna trúnaðar.



við að koma inn á markaðinn þarf ekki að vera umtalsverður. Markaðsaðgangur sé því almennt góður.

Í samrunaskránni kemur einnig fram það mat samrunaðila að Íslandspóstur og Samskipti starfi ekki á sama markaði. Almennt megi þó ráðgera til lengri tíma litið, að samruninn geti haft jákvæð áhrif á neytendur og milliliði, m.a. að teknu tilliti til reynslu og þekkingar Íslandspósts af rekstri þjónustustarfsemi.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða myndist eða slík staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að aðhafast vegna samruna Íslandspósts og Samskipta á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

II.

Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi, 27. október 2006, eignaðist Íslandspóstur hf. allt hlutfé í Samskiptum ehf. og Samskiptum-merking ehf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

